



# ÆVINTÝRIN ALLT UM KRING

SNJALLIR KRAKKAR OG KENNARAR Á 21. ÖLDINNI



# Ævintýrin allt um kring

snjallir krakkar og kennarar á 21. öldinni

---

**Verkefnisstjóri:** Inga Bára Ragnarsdóttir,  
leikskólakennari á Krummakoti

**Samstarfsaðili:** Miðstöð skólaþróunar við  
Háskólann á Akureyri

**Númer samnings:** UMS-123



**Leikskólinn Krummakot**

Laugartröð 4  
601 Akureyri

464-8120

[erna@krummi.is](mailto:erna@krummi.is)

**Miðstöð skólaþróunar**

Sólborg við Norðurslóð  
600 Akureyri

460-8590

[msha@msha.is](mailto:msha@msha.is)

## Markmið þróunarverkefnisins:

- Að þróa nýjar leiðir til að vinna með Söguaðferðina í skólastarfi
- Að efla mál leikskólabarna með nýjum kennsluáðferðum og stafrænni tækni
- Að þróa nýjar leiðir til að vinna með móðurmálið á skapandi hátt
- Að efla færni og kunnáttu starfsmanna í að nota snjalltækni í starfi með börnum

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í leikskólanum Krummakoti hefur árum saman verið unnið með *Söguaðferðina* (Story-line). Aðferðin á rætur að rekja til Jordanhill kennaraháskólans í Skotlandi og hefur verið í þróun frá árinu 1966. Í söguaðferðinni er leitast við að samþætta öll námssvið leikskólans í fjölbreyttum verkefnum. Mörgum aðferðum er fléttað saman og áhersla lögð á virkni nemenda, leitarnám, skapandi starf og umræður. Aðferðin hentar mjög vel í leikskóla þar sem auðvelt er að tengja hana inn í leik barnanna.

Í Krummakoti vinnur hver árgangur tvö sögugerðarverkefni á ári, eitt fyrir áramót og annað eftir áramót. Í þróunarverkefninu *Snjallir krakkar og kennarar á 21. öldinni* var leitað leiða til að innleiða snjalltækni í sögugerðarverkefnin og þróa með því nýjar leiðir til að læra, kenna og gera nám barnanna sýnilegt. Þegar verkefni eru unnin út frá kennslufræði söguaðferðarinnar eru þau byggð upp eins og saga, það er með byrjun, miðju sem skiptist í nokkra kafla og ákveðinn endi. Börnin eru virkir þátttakendur í ferlinu og vinna í samstarfi við kennarana skapandi verkefni sem reyna á flesta þætti tungumálsins svo sem hlustun, skilning, orðaforða, ritun og tjáningu. Lögð er áhersla á að verkefnin séu tengd reynsluheimi barnanna og að unnið sé út frá hugmyndum þeirra.

Á haustönn 2018 var unnið út frá Hafinu á Öspinni (5 ára börnin) og Krumma á Björkinni (3-4 ára börnin). Verkefni barnanna voru mjög fjölbreytt og skemmtileg og teygði verkefnið anga sína inn í allt skólastarfið. Börnin fóru út í könnunarleiðangra, sungu, unnu myndlistarverkefni, nýttu stærðfræðina og unnu á fjölbreyttan hátt með tungumálið.



## Krummi

Kveikjan að verkefninu var hljóð frá Krumma (krúnk) sem kom úr tölvu. Börnin gengu á hljóðið og fundu þá krumma sem var handbrúða. Kennari tók handbrúðuna, lék Krumma og spjallaði við börnin. Í söguaðferðarverkefninu um Krumma var unnið á fjölbreyttan hátt með allt tengt krummanum. Börnin lærðu sönglög um Krumma, fengu að sjá uppstoppaðan fugl, fóru í fuglaskoðunarferðir og lærðu um lifnaðarhætti Krumma. Einnig unnu þau skemmtilegt stærðfræðiverkefni þar sem þau mældu vænghaf og stærð Krumma og báru saman við sína eigin stærð, í listsköpun bjuggu börnin til krummaunga úr verðlausum efniviði. Góð einbeiting náðist í barnahópnum á meðan á vinnunni stóð og börnin voru stolt að verki loknu.



Kennarar skrásettu allt ferlið í þemavinnunni og bjuggu til rafbækur í Book Creator sem innihéldu myndbönd, myndir, texta og upptökur af börnunum í leik og starfi.

Bækurnar voru sýndar á foreldrasýningu og sendar heim eftir að verkefninu var lokið.

## Hafið

Kveikjan að verkefninu varð þegar börnin fóru í vettvangsferð að Eyjafjarðará og fundu þar flöskuskeyti með skilaboðum frá hvalkýrinni Nótt og kálfinum hennar Bjarti. Nótt hefur áhyggjur af mengun í hafinu og biður börnin um hjálp.

Í framhaldi var unnin fjölbreytt vinna þar sem börnin prófuðu sig áfram með alls kyns efnivið og gerðu rannsóknir. Gert var átak í að flokka og skila rusli.

Börnin gerðu myndlistarverkefni tengd hafinu, heimsóttu bókasafnið þar sem þau glugguðu í bækur tengdar umhverfinu, dýralífi og umhverfisvernd og æfðu ýmis sönglög tengd verkefninu. Börnin fengu einnig að prófa ýmis hljóðfæri sem búa til hljóð svipuð og heyrast í sjónum og að lokum var haldin sýning fyrir foreldra.



Kennarar skrásettu allt ferlið í þemavinnunni og bjuggu til rafbækur í Book Creator sem innihéldu myndbönd, myndir, texta og upptökur af börnunum í leik og starfi.

Bækurnar voru sýndar á foreldrasýningu og sendar heim eftir að verkefninu var lokið.

## Tröllastrákurinn

Í janúar 2018 vann elsta deild leikskólans sögugerðarverkefni með 1. bekk í Hrafnagilsskóla. Verkefnið fjallaði um tröllastrákinn Árvak Ugga. Kveikjan að verkefninu var mjög mikið rusl í Aldísarlundi, sem er útikennslustofa skólana á Hrafnagili. Börnin heimsóttu Aldísarlund, sáu slæma umgengni og sömdu bréf til Árvaks Ugga í framhaldi af heimsókninni og skildu það eftir í Aldísarlundi.



Í þemaverkefninu var unnið með tilfinningar í tengslum við jákvæðan aga, sem er agastefna skólanna. Unnið var með sögugerðarforritið Puppet Pals sem gefur möguleika á að klippa saman myndbönd úr ljósmyndum, teikningum og bakgrunnum. Tekin voru upp myndbönd þar sem börnin unnu með tilfinningahjólíð sem er eitt af verkfærum jákvæðs aga.

Börnin bjuggu til stuttmyndir þar sem þau takast á við erfiða hegðun og finna leiðir til úrbóta. Stuttmyndirnar voru klipptar saman í myndband sem börnin sendu Árvaki Ugga. Í myndbandinu komu tillögur að bættri hegðun, hvað varðar samskipti og umgengni við náttúruna.

## Yngstu börnin

Kennarar á deild yngstu barnanna tóku virkan þátt í verkefninu og gerði hver hópstjóri rafbók fyrir sinn hóp þar sem lögð var áhersla á að sýna dagleg viðfangsefni barnanna í leikskólanum, til dæmis leik, hreyfingu, útvíst, samskipti við önnur börn, þátttöku í hópastarfi, tónlistar- og myndlistarstarf, auk þess sem fjallað var um ýmsar upptökur í leikskólastarfinu. Rafbókunum var deilt rafrænt með foreldrum og er hugmyndin að þær séu nýttar heima til að ræða um leikskólastarfið. Á yngstu deildinni eru börnin oft ekki byrjuð að tala mikið og eiga þess vegna erfitt með að segja frá skóladeginum. Þar geta myndir og myndbönd hjálpað og ýtt undir tjáningu barnanna. Bækurnar eru því góður grunnur fyrir samræður sem byggja á reynsluheimi barnanna.

## Innleiðing snjalltækni

Lögð var áhersla á að kennarar lærðu á og æfðu sig í rafbókagerð á haustönn 2017. Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í námskeiði á vegum MSHA um rafbókagerð í Book Creator en á því námskeiði var einnig rifjuð upp sögugerð í Puppet Pals og Chatter Pix sem kennarar höfðu lært skólaárið á undan. Book Creator, Puppet Pals og Chatter Pix eru opin forrit sem gefa möguleika á spennandi vinnu þar sem ekkert verkefni verður eins. Smáforritin gefa einnig möguleika á að nýta spjaldtölvurnar til að vinna á markvissan hátt með tungumálið í gegnum leik og skapandi starf. Í kjölfarið voru unnar rafbækur þar sem ferlið á bak við sögugerðarverkefnið var sýnt, rafbækurnar fengu foreldrar sendar heim og gátu skoðað þær og notað sem samræðugrundvöll um verkefni barnanna. Kennarar prófuðu sig einnig áfram með myndbandagerð í iMovie.

Á vorönn 2018 tóku allir starfsmenn leikskólans þátt í námskeiði á vegum MSHA í kennslutækinu OSMO og lærðu starfsmenn að búa til verkefni á íslensku út frá bókum og þemum. Verkefnið miðaði á að því að efla hljóðkerfisvitund barnanna og efla skilning þeirra á sambandi stafs og hljóðs. Osmo verkefnið henta vel til að vinna út frá söguaðferðinni en þá eru valin ákveðin lykilorð úr þemanu og unnið með þau í Osmo.

Myndvinnsla og myndræn framsetning gagna er mikilvægur þáttur í rafbóka-, sögu- og myndbandagerð. Starfsmenn fóru á námskeið í notkun Google kennsluumhverfisins hjá Hans Rúnari upplýsingatæknikennara við Hrafnagilsskóla þar sem meðal annars var farið í notkunarmöguleika Google Photos myndumsjónarkerfisins.

Samhliða þróunarverkefninu hafa kennarar og stjórnendur verið að læra á Karellen sem er rafrænt rekstrarkerfi fyrir skráningu og utanumhald upplýsinga í leikskólum. Karellen býður bæði upp á svæði fyrir foreldra og kennara, auk þess sem kerfinu fylgir vefsíða og app. Í vetur hafa kennarar verið að þróa vinnuna með Karellen og skoða hvort og hvernig möguleikar umsjónarkerfisins geta nýst til að koma upplýsingum, myndum og verkefnum á skilvirkari hátt til foreldra.

## Fundir með MSHA og verkefnastjórn

Leikskólastjóri og verkefnastjóri funduðu reglulega með fulltrúum frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Á þessum fundum veittu fulltrúar MSHA ráðgjöf og stuðning. Hlutverk MSHA var einnig að aðstoða við skipulagningu og mat á verkefninu, auk þess að skrifa lokaskýrslu. Í leikskólanum var verkefnastjóri í 20% starfshlutfalli. Hlutverk verkefnastjórans var að styðja við starfsfólk, veita ráðgjöf og leiðsögn og halda utan um verkefnið og kynningu þess.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í umsókn til Sprotasjóðs var gert ráð fyrir þremur verkþáttum. Í ljósi þess að ekki fékkst fullur styrkur var ákveðið að láta rafbóka- og sögugerð í forgang og geyma myndbandagerðina þar til síðar.

## Helstu hindrarnir sem komu upp

Verkefnið gekk eftir áætlun og fyrir utan smávægileg tæknileg vandamál sem leystust farsælega komu engar alvarlegar hindranir upp.





## Helstu ávinningar af þróunarverkefninu

Helsti ávinningur af verkefninu er aukin kunnátta og öryggi starfsmanna í notkun upplýsingatækni. Það var lærdómsríkt að vinna með gamalgróna kennsluaðferð á nýjan hátt og bæta tækninni inn í starfið með það að markmiði að auka sköpun, tjáningu, hljóðkerfisvitund og máltilfinningu barnanna. Lagt var upp með að efla kunnáttu starfsmanna en einnig að kenna börnunum að sjá möguleikana sem tæknin býður upp á og leiðir til að nýta hana á uppbyggilegan og skapandi hátt til náms.

Skólinn er betur búinn tækjum en áður þar sem ákveðið var að kaupa spjaldtölvur fyrir alla hópstjóra í leikskólanum, meðal annars til að einfalda vinnu með myndir og gefa fleirum tækifæri til að nýta tæknina. Það er hagræði af því að þær myndir sem tilheyra hópstjóra og hans barnahóp séu allar í sömu tölvunni og auðveldar það alla vinnu með rafbækur og sögugerð. Aukið aðgengi að spjaldtölvunum varð einnig til þess að starfsmenn nýttu sér tölvurnar betur og fleiri tóku virkan þátt í verkefninu.

## Mat á verkefninu

Í verkefninu var lögð áhersla á einstaklingsmiðaða aðstoð verkefnastjóra við starfsmenn auk námskeiða frá MSHA. Lögð var áhersla á að allir fengju verkefni við hæfi og fylgdi verkefnastjóri þeim verkefnum eftir með stuðningi, ráðgjöf og símati. Rýnifundir voru haldnir reglulega með MSHA þar sem farið var yfir upplifun starfsmanna af verkefninu, skoðað var hvað tókst vel og hvað mátti betur fara.

Vorið 2018 var gerð rafræn könnun meðal starfsmanna leikskólans á upplifun þeirra af þróunarstarfinu. Niðurstöður úr starfsmannakönnun voru jákvæðar og töldu allir starfsmenn leikskólans verkefnið hafa haft jákvæð áhrif á skólastarfið, 94% töldu markvissa vinnu með upplýsingatækni hafa aukist og höfðu 94% starfsmanna jafnframt áhuga á að halda áfram með verkefnið næsta vetur og vinna þá með skráningar í rafbókarformi í tengslum við foreldrasamstarf. Allir starfsmenn töldu þekkingu sína á upplýsingatækni hafa aukist og eru 94% starfsmanna öryggari en áður í að nýta tæknina í starfinu með börnunum. 88% töldu fræðslu vetrarins hafa verið gagnlega og í athugasemdum kalla starfsmenn eftir enn meiri fræðslu og fleiri námskeiðum þar sem starfsfólk fær verklega tíma til að fikta og læra saman.

Book Creator (rafbækur), Puppet Pals (sögugerð), Osmo (kennsluforrit) og Google Photos (myndvinnsla) voru mest notuðu smáforritin/forritin en einnig voru nefnd smáforritin Chatter Pix (tjáning) og Bitsboard (kennsluforrit). Nokkrir starfsmenn höfðu einnig prófað sig áfram með að nota Qr kóða.

63% starfsmanna telja sig hafa tekið virkan eða frekar virkan þátt í þróunarverkefninu á meðan að 31% telja sig ekki hafa tekið fullan þátt. Það er því sameiginlegt verkefni allra starfsmanna í framhaldinu að finna leiðir til að virkja alla með. Það þurfa ekki allir að taka þátt í öllu eða nota öll forritin en það er mikilvægt að allir eigi hlutdeild í þróunarstarfinu og hafi hlutverk.

## **Áhrif verkefnisins á skólastarfið**

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið eins og fram kemur í starfsmannakönnuninni og kveikt áhuga á að nýta tækni á fjölbreyttan hátt, t.d. í vinnu með börnum, til hægðarauka fyrir starfsfólk, til að gera starfið sýnlegt fyrir foreldrum og svo framvegis. Það var lærdómsríkt að endurskoða Söguaðferðina sem er rótgróin kennsluáðferð í skólanum, horfa á hana með öðrum hætti en áður, skoða og þróa nýja kennsluhætti.

## **Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

- Kynning á þróunarverkefninu og söguáðferðarverkum barnanna voru sendar heim til foreldra í formi rafbókar.
- Foreldrum var boðið á sýningar í lok hvers söguáðferðarverkefnis.
- Rafræn handbók um verkefnið er í vinnslu og verður birt á vefsíðu skólans þar sem allir geta notið en auk þess verður hún send til foreldra.
- Skýrsla um verkefnið verður aðgengileg á vefsíðu skólans og á vefsíðu MSHA.
- Verkefnið verður kynnt á ráðstefnum og í menntabúðum eftir því sem við á.
- Kennarar og aðrir áhugasamir eru alltaf velkomnir í Krummakot til að kynna sér starfið.

## Niðurstöður verkefnisins

Snjalltækni á vel við sem eitt af þeim fjölmörgu verkfærum sem hægt er að nota til að vinna út frá Söguaðferðinni. Leikur og nám með upplýsingatækni í opnum smáforritum sem gefa möguleika á fjölbreyttri og skapandi úrvinnslu henta sérstaklega vel í þemavinnunni. Það er mikilvægt að kennsluaðferðir séu í stöðugri þróun og mun starfsfólk Krummakots halda áfram að læra á og vinna með tæknina í tengslum við sögugerðarverkefnið í framtíðinni. Eftir veturinn er starfsfólki orðið samt að búa til rafbækur og vinna með sögugerð í Puppets Pals með börnunum. Öryggi í notkun tölvutækninnar hefur almennt aukist og samhlíða því áhugi á snjalltækninni og möguleikum hennar.

26. apríl 2018

Inga Bára Ragnarsdóttir, verkefnastjóri

Erna Káradóttir, leikskólastjóri

Íris Hrönn Kristinsdóttir, MSHA